

Alþingi
Erindi nr. P 136/592
komudagur 17.12.2008

Minnisblað

17. desember 2008

Varðar fund efnahags- og skattanefndar í morgun með umsagnaraðilum vegna frumvars til laga um breytingu á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisséttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum, þskj. 297 - 219 mál.

Samantekt upplýsinga með vísan til umræðna á fundi efnahags- og skattanefndar, 16. desember sl., um ósk Landssamtaka lífeyrissjóða um að auka heimild lífeyrissjóða til fjárfestinga í samlagshlutafélögum.

Texti breytingartillögu.

„Við 5. mgr. 36. gr. laganna bætist svohljóðandi málsliður:

Lífeyrissjóði er heimilt að eiga allt að 20% hlut í hverju samlagshlutafélagi sem hefur það að meginmarkmiði að fjárfesta í hlutafélögum eða öðrum félögum með takmarkaða ábyrgð, með arðsemi að markmiði, í þeim tilgangi að efla atvinnulíf og nýsköpun, enda miði fjárfestingarstefna samlagshlutafélagsins að því að tryggja áhættudreifingu.“

Um samálagshlutafélagiformið:

Varðandi ástæðu þess að lífeyrissjóðirnir leggja áherslu á að velja samlagshlutafélagiformið í stað hlutafélagiformsins er að samkvæmt 3. mgr. 2. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt, getur samlagshlutafélag verið sjálfstæður skattaðili. Því hentar slíkt félagiform lífeyrissjóðum mun betur fyrir þá starfsemi sem hér um ræðir þar sem þeir greiða ekki tekjuskatt.

Hvað heimild lífeyrissjóða til fjárfestingar í óskráðum verðbréfum varðar þá liggur það fyrir að alls óvíst er um fulla þátttöku þeirra lífeyrissjóða sem komið hafa að undirbúningsvinnu við stofnun endurreisnarsjóðs ef heimild til fjárfestinga í óskráðum bréfum takmarkast við 20% í stað 25%, sbr. c-lið 10. gr. frumvarpsins.

Um ótakmarkaða ábyrgð í samlagshlutafélögum:

Í 160. gr. laga um hlutafélög, þar sem fjallað er um samlagshlutafélög, er annars vegar fjallað um ábyrgðaraðila og hins vegar hluthafa. Í tillögum LL að framangreindum breytingum er einungis vikið að heimild lífeyrissjóða til að eiga hlut í samlagshlutafélagi en ekki að gerast ábyrgðaraðili. Það er því ótvíræður skilningur LL að framangreindur texti veiti lífeyrissjóðum ekki heimild til að gerast aðili að samlagshlutafélagi með ótakmarkaða ábyrgð.